

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 234/2003 um þátttöku ríkisins í kostnaði við hjálpartæki fyrir þá sem eru með heyrnarmein.

1. gr.

3. gr. orðast svo:

*Þátttaka í kostnaði við hjálpartæki samkvæmt þjónustusamningi.*

Ráðuneytinu er heimilt að gera þjónustusamning um útvegum og sölu hjálpartækja og nauðsynlega þjónustu vegna þeirra við aðila sem fengið hefur rekstrarleyfi ráðherra, skv. 1. mgr. 37. gr. b. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

Sjúkratryggður einstaklingur sem nýtir sér þjónustu rekstrarleyfishafa sem hefur þjónustusamning við ráðuneytið, sbr. 1. mgr. á rétt á kostnaðarþátttöku ríkisins skv. 2. tölul. 1. mgr., 2. mgr. og 4. mgr. 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 10. mgr. sbr. 4. mgr. 37. gr. a. og 4. mgr. 37. gr. b. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 11. mars 2005.*

**Jón Kristjánsson.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*